

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Háskóli Íslands, Vísindagarðar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðanna nr. 15-19 og 21 við Sæmundargötu. Í breytingunni felst breyting á kröfum um fjölda bílastæða á lóðunum og samnýtingu bílageymslu á lóð nr. 21 við Sæmundargötu, felld er niður krafa um ramp í bílakjallara á lóð nr. 19 við Sæmundargötu og felldur er niður dálkur í nýrri skilmálatöflu um heildarfjölda bílastæða á lóðunum auk þess sem dálkur með C-rýmum er felldur niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 1 og 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Borgartún. Í breytingunni felst stækkun lóðar nr. 1 og byggingarreits á henni til austurs, aukið byggingarmagn, hækkun hámarkshæðar og breyting á bílastæðakröfu. Lóð nr. 3 minnkar sem nemur stækkun lóðarinnar nr. 1 við Borgartún. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugavegur 67A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 17. maí 2019, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0 vegna lóðarinnar nr. 67A við Laugaveg. Í breytingunni felst stækkun hússins um 1 metra til austurs og heimilt verði að gera 1,2 metra djúpar svalir á húsið til suðurs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Vegamótastígur 7 og 9.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 29. maí 2019, breyting á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Úlfarsárdalur, reitir C1, C2, E og G.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann 29. maí 2019, breyting á deiliskipulagi Úlfarsárdals fyrir reiti C1, C2, E og G. Í breytingunni felst að heimildir eru leiðréttar og útskýrðar nánar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 3. júní 2019.

Björn Axelsson.